

**61. fundur æskulýðs og íþróttanefndar
haldin í Setrinu, þriðjudaginn 14. maí 2016
og hófst hann kl. 18:00**

Fundinn sátu:

Magnús Ingi Bæringsson formaður, Ólöf Rún Ásgeirsdóttir, Sigfús Snæfells Magnússon varamaður, Eydís Eypórsdóttir varamaður, Guðmundur Helgi Þórsson varamaður, Agnes Helga Sigurðardóttir Tólmstundarfulltrúi, Hjörleifur K Hjörleifsson og María Valdimarsdóttir fyrir hönd Snæfells; Gísli Pálsson, Gunnhildur Gunnarsdóttir og Kári Pétur Ólafsson þjálfarar, Erla Friðriksdóttir frjálsíðþróttadeild, Sigurlín Sumarliðadóttir.

Fundargerð ritaði: Magnús Ingi Bæringsson

Dagskrá:

1. Agnes kynnti hugmyndir varðandi sumarstarf ungmenna í júní. Síðasta sumur stangaðist á leikjanámskeið og íþróttastarf. Óskaði eftir samstarfi við Snæfell varðandi þjálfun fyrir íþróttagreinir. Hugmyndin að setja saman dagskrá fyrir börn úr 1.-4 bekk í leikja- og íþróttanámskeið og svo íþróttir og smiðjur fyrir 5.-7. Bekk.

Vantaði fulltrúa frá Gólfklúppnum mikilvægt að heyra í þeim þannig að gólfið stangist ekki á leikjanámskeið og aðrar æfingar. Fótboltaæfingar hjá Kára verði í boði eftir 16:00 á daginn og hugmyndin að vera með sér stelpuæfingu. Nú þegar hafa 20-30 krakkar skáð sig á leikjanámskeið og smiðjur. Í fyrra vara óskað eftir verkefnum yfir sumarið fyrir 5.-7. Bekk. Leikjanámskeiðið mun kosta 5000 kr vikan og var umræða um verðið og hvort það væri of hátt. Gunnhildur óskaði eftir því að æfingar færu fram fyrir hádegi ef það væri hægt. Gísli nefndi að nýta mætti krakka sem hafa verið að æfa greinar til að hjálpa til með leikjanámskeið.

Töluverð umræða var um hvort færa mætti niður vinnualdur í bæjarvinnu niður í 7. bekk þar sem vöntun er á krökkum til sumarstarfa, mætti samþætta með starfskynningum?

Fram kom að ekki hafi verið mikil þáttaka í gegnum tíðina hjá yngri krökkum í íþróttum yfir sumarið og vangaveltur um hvort skólagarðarnir myndu duga yngri krökkunum.

Umræður um launagreiðslur til þjálfara, aðkomu Snæfells og Stykkishólmsbæar.

Umræður um uppsetningu tíma í Íþróttahúsið næsta vetur og mikilvægi þess að reyna að hafa hana tilbúna í tíma. Formaður Snæfells ýtrekaði mikilvægi þess að reyna að fá þjálfara sem eru lausir fyrrpart dags þannig að krakkarnir geti hafið æfingar um leið og skólinn skilar húsinu.

Umræður um að bæta þurfi aðgengi upplýsinga t.d. móttayfirlit og senda það út á alla, skólana og félagsmiðstöð. Agnes ætlar að setja upp dagatal fyrir næsta vetur og reyna að halda utan um það.

2. Magnús for yfir vinnu nefndar varðandi stöðumat og stefnumótun sem fram hefur farið í vetur og kynnti sérstaklega það sem fram kom á opnum fundi sem haldinn var upp í Grunnskóla fyrir Páska. Góðar og gagnlegar umræða urðu um niðurstöður.

Hjörleifur K Hjörleifsson, María Valdimarsdóttir, Gísli Pálsson, Gunnhildur Gunnarsdóttir, Kári Pétur Ólafsson, Erla Friðriksdóttir og Sigurlín Sumarliðadóttir véku af fundi rúmlega 19:00.

Nefndin ákvað í framhaldi að liggja undir feld í sumar varðandi stefnumótunarvinnuna, hver og einn hleri sitt umhverfi og stefnan sett á að á firsta fundi eftir sumarfrí verði settir niður endanlegir punktar til Bæjarstjórnar og reynt að forgangsraða eftir mikilvægi.

3. Formaður sagði frá fundi á mánudaginn með Vigni Sveins, forstöðumanni, Sigurbjarti Loftssyni byggingarfulltrúa, Bergi Hjaltalín umsjónamanni fasteigna. Eftirfarandi punktar voru settir fram eftir yfirferð þessa hóps yfir Íþróttamannvirkin.
 1. Rætt um lausn á klefaskorti yfir sumartímann:
 - Nýta klefa niðri fyrir sundlaug yfir sumartímann með aðgengi upp um rampinn og með stiga upp í útilaug. Óvíst að þetta samræmist reglugerðum þarf að skoða betur áður.
 - Byggja nýtt húsnæði við Íþróttamiðstöð sem nýta mætti undir ræktina og annað. Nokkrar staðsetningar skoðaðar. Upphaflegir klefar sem nú hýsa ræktina verði í framhaldi nýttir undir klefa ásamt fleiru fyrir sundlaug.
 2. Laga þarf handrið í stúku, vantar í það teina og er svakt, þarf að styrkja.
 3. Yfirfara hurðar og húna í húsinu (t.d. ath hurð úr stúku og út í skóla)
 4. Heita potta við útilaug þarf að endurnýja, komnar sprungur í botna og eiga ekki langt eftir. Tilaga var um að steypa upp potta og að kaltvatnspottur yrði settur upp í leiðinni, mikið notað og gæti hentað að steypa upp í leiðinni, Vignir talaði um að núverandi kar sem er notað sé ekki löglegt. Spurning með fleyrri hitastig á pottum.
 5. Laga þarf hellulögn við rennibraut og hreinsa upp gras og snyrta í kringum hellur á sundlaugasvæðinu.
 6. Taka niður ljósastaura við útilaug sem ekki eru lengur í notkun.
 7. Innlaug; skipta út brotnum loftplötum
 8. Innlaug; skipta út brotnum flísum og laga fúgur. Samkvæmt sundkennara þá eru krakkar að hrufra sig, því slyshætta og verður að laga strax.
 9. Innlaug; Lakka/mála burðabita í lofti og klæðningu sem er farin að láta verulega á sjá.
 10. Fjarlægja eða hylja gamlar ofnalagnir sem standa út úr vegg og eru farnar að ryðga og eru lýti á húsnæðinu, hugmynd nefnd að klæða mætti yfir með hyllum sem gætu nýst undir dót?
 11. Aðgengi að drykkjarvatni við útilaug, mætti vera vaskur líkt og er í anddyri eða önnur útfærsla.
 12. Vantar slöngu við útilaug til að þrifa svæðið draga þarf brunaslöngur í gegnum húsið og út.
 13. Setja upp varanlegar fánastangir við inngang. Núverandi fyrirkomulag ekki gott.
 14. Bera á grindverk við sparkvöll.
 15. Yfirfara/endurnýja net í mörkum, sparkvöllur og íþróttavöllur.
 16. Mála þarf Stúku við íþróttavöll farin verulega að láta á sjá. Orkuveitan á í mannvirkinu og því rétt að þeir kæmu að.
 17. Snyrta íþróttavöll, kantskera með hlaupabrautum, slóðadraga/valtra hlaupabraut, snyrta til sandgryfjur og bæta í sand. Þetta þarf að gerast strax eða a.m.k. áður en íþróttir hefjast úti sem er væntanlega á næstu dögum.
 18. Lagfæra/malbika göngustíg á milli Stúku og sundlaugar, liggur frá Aðalgötu að skóla. Mikið notaður og mætti lýsa upp fyrir veturinn.
 19. Við hönnun á skólalöð við væntanlegar framkvæmdir og viðbyggingu þarf að gera ráð fyrir plássi undir knattspyrnu, körfubolta og hreystivelli/leikvöllum til framtíðar litið.
 20. Mála bílastæði við íþróttamiðstöð
 21. Mála ljósastaura í skærum lit upp í 1,5 til 2 metra, verði vonandi til þess að ákeyrslum fækki.

Umræða varð um ofangreinda punkta og bættu nefndarmenn eftirfarandi athugasemdum við.

Gólfhreymsivélin bilið þarf að laga eða endurnýja, körfuboltanet oft slitin, búnað fyrir frjálssar íþróttir þarf að endurnýja, taka þarf til undir stúku við íþróttavöll fyrir sumarstarfið og yfirfara búnað og tæki fyrir frjálssar. Völlurinn þarf að vera klár 1. Júní en þá hefjast fromlega æfingar á vellinum.

Flögg yfir sundlaugarnar(baksund), síma eða bjöllu i salinn þannig að hægt sé að na i vaktina upp, bekki úti til að setjast á.

Næsti fundur fyrirhugaður í ágúst.

Fundi slitið kl. 20:15